

Ed.

506. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og fjallað um málið.

Frumvarpið var sent til umsagnar hinum ýmsu aðilum og hafa athugasemdir og breytingartillögur borist frá þeim flestum. Þá hafa og verið kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar frá mörgum félagasamtökum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skipulag húsnæðismála.

Félagsmálanefnd hefur lagt mikla vinnu í að yfirfara og bera saman allar þær athugasemdir og breytingartillögur sem henni bárust við frumvarpið.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún stendur sameiginlega að og fram koma á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara á meðmælum sínum og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., með fyrirvara.

Salome Þorkelsdóttir,
með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr., með fyrirvara.

Guðm. Karlsson,
með fyrirvara.

Guðm. Bjarnason,
frsm.

Stefán Guðmundsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.